

GJALDSKRÁ
vegna skipulagsmála, lóðamála, framkvæmdaleyfa og þjónustu skipulagsfulltrúa
Hvalfjarðarsveitar.

1. gr.

Gildissvið

Gjaldskrá þessi gildir um meðferð og útgáfu leyfa sem skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar veitir ásamt þjónustu og eftirliti sem hann sinnir í Hvalfjarðarsveit.

2. gr.

Meginreglur

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins.

Skipulagsnefnd og/eða sveitarstjórn getur þó ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Gjaldskráin sýnir viðmiðunargjald miðað við hefðbundinn tíma og kostnað einstakra mála. Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, áskilur sveitarfélagið sér rétt til að leggja á viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa og/eða, eftir atvikum, starfsmanns Umhverfis- og skipulagsdeildar eða gjald skv. reikningi vegna aðkeyprar vinnu embættisins.

Ef nýtt deiliskipulag eða verulegar breytingar á fyrirliggjandi deiliskipulagi kalla á breytingar á gildandi aðalskipulagi og/eða öðrum deiliskipulagsuppdráttum áskilur sveitarfélagið sér jafnframt rétt til að innheimta tímagjald skipulagsfulltrúa og/eða, eftir atvikum, starfsmanns Umhverfis- og skipulagsdeildar eða gjald skv. reikningi vegna aðkeyprar vinnu embættisins.

3. gr.

Skilgreiningar

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um skipulagsbreytingu, lóðamál eða framkvæmdaleyfi. Afgreiðslugjaldi er ætlað að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindis, sem lagt er fram til afgreiðslu á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa eða fundi skipulagsnefndar. Greiðsla afgreiðslugjalds er óafturkræf þótt erindi sé synjað eða það dregið til baka ef vinna skipulagsfulltrúa/skipulagsnefndar hefur átt sér stað og málið verið tekið fyrir á fundi.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður sveitarfélagsins við undirbúning og umsýslu erindis til kynningar og/eða auglýsingar.

4. gr.

Innheimta gjalda

Sveitarfélagið innheimtir gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá.

Innheimta skal afgreiðslugjald þegar umsókn er lögð fram vegna erindis um breytingu á aðalskipulagi, erindis um nýtt deiliskipulag, verulegar eða óverulegar breytingar á fyrirliggjandi deiliskipulagi, erindis um lóðamál og erindis um framkvæmdaleyfi. Gjaldskráin tekur mið af því að afgreiðslugjald sé hluti af heildarkostnaði málsmeðferðar. Sé þörf á að vinna nýja skipulagsáætlun eða breytingu á fyrirliggjandi

skipulagsáætlun vegna leyfisskyldra framkvæmda innheimtir skipulagsfulltrúi tímagjald skv. 2. gr. þessarar gjaldskrár fyrir þá skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar.

**5. gr.
Gjalddagi**

Afgreiðslugjald samkvæmt þessari gjaldskrá skal innheimta við móttöku erindis og skal vera greitt áður en fjallað er um erindið. Umsýslu- og auglýsingagjald vegna breytingu á aðal- eða deiliskipulagi skal greiða áður en tillaga er auglýst í kjölfar samþykktar þess efnis. Gjald vegna lóðamála, umfram afgreiðslugjald, skal greiða samhliða skráningu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Gjald vegna framkvæmdaleyfis skal greiða samhliða útgáfu leyfisins. Gjald vegna grenndarkynningar skv. 8. gr. þessarar gjaldskrár skal innheimt, eftir atvikum, samhliða byggingarleyfisgjöldum byggingarfulltrúa.

**6. gr.
Grunneiningar**

Afgreiðslugjald:	29.600 kr.
Tímagjald Umhverfis- og skipulagsdeildar:	19.100 kr.

**7. gr.
Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga**

Vinna við breytingu á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010, veruleg breyting:	300.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010, óveruleg breyting:	88.200 kr.

8. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags

Nýtt deiliskipulag:	
Vinna við gerð nýs deiliskipulags, sbr. 2. mgr. 38. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010:	skv. reikningi.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga 123/2010, með lýsingu:	300.000 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010, án lýsingar:	168.300 kr.
Verulegar breytingar á deiliskipulagi:	
Vinna við breytingu á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010:	skv. reikningi.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010:	168.300 kr.
Óverulegar breytingar á deiliskipulagi:	
Vinna við breytingu á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010:	skv. reikningi.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010, með grenndarkynningu:	79.400 kr.



Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010, án grenndarkynningar:	20.100 kr.
---	------------

9.gr.

Kostnaður vegna grenndarkynningar

Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga 123/2010, deiliskipulag ekki fyrir hendi:	58.600 kr.
---	------------

10.gr.

Kostnaður vegna lóðamála

Umsýsla og staðfesting merkjalýsingar skv. lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001 og reglugerð um merki fasteigna 160/2024:	38.100 kr.
Breyting á skráningu í Landskrá fasteigna:	Afgreiðslugjald

11.gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis

Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald:	123.500 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald:	54.700 kr.
Eftirlit umfram eina ferð sem innifalin er í framkvæmdaleyfisgjaldi:	Skv. tímagjaldi

12.gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við á og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 53. gr. laga um mannvirkni nr. 160/2010. Leyfisgjöld eru óafturkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við **launavísitölu í mars 2025 sem er 1.063,9 stig** og breytast þau þann 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni, námundaðar í næsta heila hundrað, og gilda þannig til loka viðkomandi almanaksárs. Fyrsta hækkun reiknast í janúar 2026.

13.gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Með samþykki gjaldskrár þessarar fellur úr gildi gjaldskrá vegna skipulagsmála, lóðamála, framkvæmdaleyfa og þjónustu skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar nr. 1354/2022.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd Hvalfjarðarsveitar þann 16.04.2025 og staðfest af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann 23.04.2025.



Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri

B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2025
Uppfært janúar 2026